

Athugasemdir við rammaáætlun.

Nú liggur fyrir þingsáligtunartillaga iðnaðarráðuneytis um vernd og nýtingu orkuauðlinda Rammaáætlun.

Við þessa tillögu vill undirritaður gera alvarlegar athugasemdir .

Lífriki Þjórsár á að fórna

Við byggingu þriggja virkjana í neðanverðri Þjórsá verður í fyrsta lagi komið í veg fyrir að fiskur geti gengið upp ána vegna stíflumannvirkja í öðru lagi verður girt fyrir ferðir gönguseiða til sjávar ,síðan eru fyrirhuguð miðlunarlon fyrir ofam stíflurnar sem gerir það að verkum að uppeldisskilyrði og búsvæði göngufisks og seiða verða eyðilögð.

Mótvægisáðgerðir þær sem Landsvirkjun boðar er að byggja svokallaðar seiðaveitur sem eiga að tryggja að fiskseiði komist heil til sjávar.

Erlendar rannsóknir sýna að virkni slíkra mannvirkja er afar takmörkuð um 10 til 11% seiða kemst niður til sjávar ,enginn getur svo svarað þeirri spurningu hvernig þessum fáu seiðum sem lifa af og komast niður ána vegnar í hafi vegna þess að í villtri náttúru gildir sú meginregla að sá lifir af sem er sterkastur og best á sig kominn hinir deyja.

Mikileiki og ásýnd Þjórsár hverfur

Með tilkomu Urriðafossvirkjunar, Hvamms og Holtavirkjunar verður framið enn eitt hryðjuverkið í náttúru Ísland sem jafna má við Kárahnjúkaslysið , nema hér á að umbilta einhverjum fegurðstu sveitum landsins og það í blómlegustu landbúnaðarhéruðum landsins í staðinn koma lífvana jökullón í staðin fyrir blómleg tún og akra.

Áhrif á ferðaþjónustu

Enginn getur sagt hvert tjón ferðaþjónustunnar verður mikið en fullyrða má að slíkar óafturkræfar breytingar á Þjórsá þar sem Urriðafoss verður þurkaður upp að miklu leiti einungis 10 til 15m³ verða skildir eftir i fervegi árinna.

Efri virkjanirnar tvær Holta og Hvammsvirkjun valda jafnvel enn meira tjóni .Ásýnd Gnúpverjahrepps verður óþekkjanleg í staðin fyrir flúðir og fossa Þjórsár og gróðursæla hólmana sem fengið hafa að vera í friði fyrir mönnum og skepnum um aldir verða miðlunarjökullón sem færa mun allt á kaf. Þetta er sú sjón sem blasa mun við ferðamanninum þegar ekið er inni andyri Þjórsárdals sem er ein algengasta og vinsælsasta leið ferðamanna upp á hálendi Íslands.

Þessar óafturkræfu breytingar eru algerlega óásættanlegar.

Áhætta og áhættumat

Með tilkomu uppistöðulóna vegna þessara þriggja virkjana í neðanverðri Þjórsá og öllum þeim miljónum tonna af vatni sem þau geyma verður líf fólks eins og músar undir fjalaketti ef náttúruhamfarir verða, til dæmis öflugur Suðurlandsskjálfti eða eldgos uppi á hálendi sem rjúfa myndi stíflur og hleypa af stað flóði sem hafa myndi svo dómínoáhrif á allar stíflur og uppistöðulón neðar í ánni allt til sjávar .

Ekki þarf að hafa mikið ímyndunarafl til að gera sér í hugarlund hvað gerast myndi ef færi að gjósa til dæmis í Bárðarbungu eða Veiðivötnum og vatnsflóð færi til vesturs og rústaði öllum stíflumannvirkjum og tæki með allt vatn sem fyrir væri í uppistöðulónum Þjórsár sem steypast myndi síðan yfir sveitir Suðurlands.

Það er alveg nóg að búa við óblíð náttúruöflin þó ekki sé verið að bæta við þá áhættu með taumlausri græðgi og kröfunni um aukiningu á hinum svokallaða hagvexti.

Áhrif á samfélag

Undirritaður hefur búið í neðanverðum Villingaholtshreppi hinum forna allt sitt líf og tel ég mig því þekkja allvel til mannlífs og viðhorfs fólks til þessar virkjanahugmynda með og á móti.

Eins og alþjóð veit hafnaði sveitarstjórn því í upphafi að setja Urriðafossvirkjun inn á skipulag taldi ávinning engan fyrir íbúana.

Ekki leið sólarhringur frá samþykkt sveitarstjórnar þar til að Landsvirkjunarforstjórinn þáverandi Friðrik Sófusson reikspólaði austur fyrir fjall og heimtaði fund með sveitarstjórn ,sem orðið var strax við .

Á þessum fundi virtist verða hugarfarsbreyting á afstöðu hreppsnefndarmanna til Urriðafossvirkjunar sem voru nú allt í einu tilbúnir að setja virkjunina inn á skipulag, enda með smkomulag upp á vasan um að Landsvirkjun kostaði vatnsveitu vegagerð og bætt gsm. samband!

Eftir þessa upptöku alla var safnað undirskriftum íbúa þar sem meirihluti íbúa sem á kjörskrá voru vildi hafna Urriðafossvirkjun.

Hávær var umræðan eftir þetta um að sveitarstjórn hefði með viðsnúning þessum þegið mútur frá Landsvirkjun,enda segir að beri maður fé á sanningsaðila til að hafa áhrif á afstöðu hans kallast það mútur.

Ekki fer það fram hjá neinum hér í sveit að þetta mál allt hefur spillt hér öllu mannlífi og liggur eins og mara á fólki .

Að lokum það er einlæg krafa undirritaðs að hætt verði við allar virkjanahugmyndir í neðanverðri Þjórsá svo fólk geti lifað í friði um ókomin ár.

Sandbakka 11 nóvember 2011

Albert Sigurjónsson